



7. fundur aðalstjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 3. febrúar 2016 kl. 18:15.

Mætt eru: Guðmundur Kr. Jónsson (GKJ) formaður, Sverrir Einarsson (SE), Viktor S. Pálsson (VSP), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson (ÞRÁ) varamaður Lúðvíks Magnúsar Ólasonar, Þórdís Rakeł Hansen (ÞRH), Adólf Ingvi Bragason (AIB), Magnús Ragnar Magnússon (MRM), Sigríður Runólfsdóttir (SR) og Gissur Jónsson (GJ) framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Forföll boðuðu: Hjalti Þorvarðarson, Jóhann Helgi Konráðsson, Þóra Þórarinsdóttir og Ófeigur Ágúst Leifsson.

Fundað var í nýjum fundarsal Umf. Selfoss í austurenda Tíbrá. Glæsileg aðstaða sem kemur til með að nýtast félaginu vel á komandi árum.

Magnús Ragnar Magnússon boðinn velkominn á ný í aðalstjórn en hann tók við formennsku í mótókrossdeildinni á nýafstöðnum aðalfundi deildarinnar.

1. Fundargerð aðalstjórnar

- 6. fundargerð aðalstjórnar frá 13. janúar 2016 samþykkt.
 - Vísað til fagráðs um bókhald að afstöðu til þess hvernig styrkir til deilda eru bókaðir í ársreikning.

2. Fundargerð framkvæmdastjórnar

- 9. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 20. janúar 2016 til umræðu.
 - Frumkvæði um uppbyggingu íþróttamannvirkja á Selfossi fagnað.

3. Rekstur íþróttamannvirkja á Selfossi

- Samþykkt að skipa starfshóp til að fara yfir rekstraráætlun íþróttamannvirkja á Selfossi. Hópin skipa fulltrúar fimleikadeildar og handknattleiksdeildar ásamt SE gjaldkera Umf. Selfoss.

4. Kjör í ungmennaráð Árborgar

- Ásdís Ágústsdóttir aðalmaður og Elfar Oliver Sigurðarson varamaður.

5. Aðalfundur Umf. Selfoss og deilda félagsins

- Knattspyrnudeild hélt aðalfund 30. nóvember 2015.

- Mótokrossdeild hélt aðalfund 28. janúar þar sem ný stjórn var kjörin.
- Frjálsíþróttadeild heldur aðalfund mánudag 29. febrúar kl. 19:30 í Tíbrá.
- Júðódeild heldur aðalfund miðvikudag 2. mars kl. 20:00 í Tíbrá.
- Sunddeild heldur aðalfund miðvikudag 9. mars kl. 18:00 í Tíbrá.
- Fimleikadeild heldur aðalfund miðvikudag 9. mars kl. 20:00 í Tíbrá.
- Taekwondodeild heldur aðalfund fimmtudag 17. mars kl. 20:00 í Tíbrá.
- Handknattleiksdeild heldur aðalfund fimmtudag 31. mars kl. 20:00 í Tíbrá.

6. Nefnd um kjör á íþróttafólki Umf. Selfoss

- Samþykkt að skipa Berg Guðmundsson, formann nefndar um kjör á íþróttafólki Umf. Selfoss 2015. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir að Bergur kalli nefndina saman. Nefndina skipa að öðru leyti Sandra D. Gunnarsdóttir, Sigríður Ósk Harðardóttir, Guðmundur Karl Sigurdórsson og Elínborg Gunnarsdóttir.

7. Heildarsamningar Umf. Selfoss við styrktaraðila

- Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu máli í samningaviðræðum við styrktaraðila. Stuðningur við að vinna málið áfram á réttum forsendum.

8. Þjónustusamningur við Sveitarfélagið Árborg

- GKJ, VSP og GJ hittu fulltrúa Árborgar þar sem farið var yfir sjónarmið beggja aðila. Niðurstaðan var að ljúka samningum fyrir lok febrúar með bókunum um nánara samstarf á fyrri hluta þessa árs um samning til lengri tíma.

Fundi slitið klukkan 19:14.

Næsti fundur aðalstjórnar miðvikudaginn 2. mars 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Fundir aðalstjórnar starfsárið 2015-2016:

Miðvikudaginn 6. apríl 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.